



Minnisblað sveitarstjórnar

Efni: Úthlutun byggðakvóta og ályktun um viðbótarreglur

Líkt og áður, óskar sveitarstjórn Strandabyggðar eftir því við matvælaráðuneytið, að eftirfarandi viðbótarreglur verði settar vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2023/2024.

Sveitarstjórn Strandabyggðar leggur til eftirfarandi breytingar á 4. grein reglugerðar 851/2023:

- a) 25% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt jafnt á milli fiskiskipa
- b) 75% úthlutaðs byggðakvóta verði skipt eftir lönduðum afla síðasta fiskveiðiárs, 2022/2023

Sveitarstjórn Strandabyggðar leggur einnig til eftirfarandi breytingar á 6. grein reglugerðar 851/2023:

- c) Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 851/2023 verði felld niður

Að auki er það lagt til, að bætt verði við 6. Gr, að löndunarskylda verði innan sveitarfélagsins á kvóta byggðarlagsins.

Rökstuðningur sveitarstjórnar:

Liður 1: Í Strandabyggð eru fá fyrirtæki í sjávarútvegi og mjög misjöfn af stærð. Eitt þeirra heldur úti starfsemi fyrir 8-10 manns að jafnaði, annað 2-3 starfsmenn og síðan eru einyrkjar yfir sumartímamann á strandveiðum. Þessi skipting og uppbygging sjávarútvegs í Strandabyggð hefur leitt af sér 25%/75% skiptingu undanfarin ár, sem hér er óskað eftir að gildi einnig fiskveiðiárið 2023/2024.

Liður 2: Í Strandabyggð er engin fiskvinnsla. Afla er landað á markað og fluttur úr sveitarfélaginu til frekari vinnslu eða sölu. Ekki hefur verið talið einsýnt að fiskvinnsla myndi borga sig miðað við þær aflaheimildir sem tengjast sveitarfélaginu. Í ljósi þessa hefur sveitarstjórn óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu undanfarin ár og gerir einnig hér með fyrir fiskveiðiárið 2023/2024.

Samþykkt á sveitarstjórnarfundum nr. 1353, 12. desember 2023.

Til viðbótar þessu má nefna að í skoðun er stofnun vinnslu, í tengslum við mögulega úthlutun Byggðastofnunar á allt á 500 þorskígildistonnnum sem sértækum byggðakvóta til Strandabyggðar. Þetta er þó ekki staðfest þegar þetta er skrifað.

Hólmavík – 20.12.2023

f.h. Sveitarstjórnar

Porgeir Pálsson

Sveitarstjóri